


Landeigendafélag Reykjahlíðar  
Ólafur H. Jónsson  
Lágmúla 5  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN



Mývatnssveit, 27. maí 2014  
Tilvísun: UST20140500240/döh

### Efni: Endurbætur í Helgavogi

Umhverfisstofnun hefur borist ábending um endurbætur á gömlu dælustöðinni við Helgavog í landi Reykjahlíðar. Í ábendingunni kemur fram að til stendur að nota húsnaðið í því skyni að hýsa þar starfsmenn sem ætlað er að taka inngangseyri af ferðamönnum sem heimsækja Leirhnjúk, Námafjall og Dettifoss.

Umhverfisstofnun hefur borist afrit af byggingarleyfi sem útgefið er af skipulags- og byggingafulltrúa Skútustaðahrepps dagsett þann 19. maí 2014. Í byggingarleyfinu er sett sem skilyrði að fráveita verði samkvæmt lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, þ.e. að gert verði ráð fyrir ítarlegri hreinsun en 2ja þepa.

Umhverfisstofnun vill með bréfi þessu, benda Landeigendum Reykjahlíðar á að samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár, þá skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem geta haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir því á að niðursetning rotþróar, hreinsibúnaðar eða safntanks telst leyfisskyld framkvæmd til stofnunarinnar. Að gefnu tilefni minnir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 12. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er almenningi heimil fór um landið og dvöl í lögmætum tilgangi. Jafnframt kemur fram að öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrastu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Stofnunin bendir á að ekki eru tilgreindar heimildir til gjaldtöku fyrir aðgang að náttúrunni í lögunum.

Umsókn um leyfi skal senda á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is). Umhverfisstofnun vekur athygli á því að málshraði vegna leyfisveitinga til framkvæmda á friðlýstum svæðum er 30 dagar.

Virðingarfyllst

Davíð Örvær Hansson

Davíð Örvær Hansson  
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Sérfræðingur